

1901293

From: Harpa Júlíusdóttir

Sent: mánudagur, 5. ágúst 2019 21:58

Subject: Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna og sveitarfélögin - LÝSA 2019

Góðan daginn

Félag Sameinuðu þjóðanna á Íslandi mun standa fyrir málstofu um innleiðingu sveitarfélaga á heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna á LÝSU (<http://www.lysa.is/>) sem fram fer núna í upphafi september í Hofi á Akureyri. Viðburðinn munum við auglýsa nánar þegar nær dregur, en vildum með þessum góða fyrirvara þjóa ykkur sem komið að stjórn sveitarfélaga og landshlutasamtaka sveitarfélaga að koma og taka þátt í þessari mikilvægu umræðu með okkur.

Innleiðing sveitarfélaga á heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna. Stefnumótun, staðlar, mælitæki og aðgerðir

Flutt verða erindi frá Kópavogsbæ og Skaftárhrepp þar sem innleiðingar ferli bæði fjölmenns og fámenns sveitarfélags verður rakið. Þá verður innleiðingarferli og stefnumótun landsfjórðungssamtaka sveitarfélaga, Samtaka sveitarfélaga Norðurlands vestra, kynnt. Þá munu allir ræðumenn taka þátt í umræðu pallborði í lokin.

Tímasetning: Laugardagurinn 7.september, kl: 13:30 ? 15:00

Staðsetning: Menningarhúsið Hof á Akureyri

Aðgangur ókeypis

Endilega hafið samband ef það eru einhverjar spurningar eða vafamál.

Vonumst til að sjá ykkur sem flest.

Heimsmarkmiðakveðjur

Harpa

Harpa Júlíusdóttir

Staðgengill framkvæmdastjóra | Acting Secretary General

Félag Sameinuðu þjóðanna á Íslandi

United Nations Association of Iceland